



Grundarfjarðarbær

Reglur um námsstyrki til starfsfólks í Leikskólanum Sólvöllum og leikskóladeildinni Eldhömrum

Reglur þessar gilda eingöngu fyrir starfsfólk á leikskólastigi, þ.e. í Leikskólanum Sólvöllum og í leikskóladeildinni Eldhömrum.

Reglurnar gilda fyrir starfsfólk sem samhliða starfi sínu stundar fjarnám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi eða annað sambærilegt nám til starfsréttinda á háskólastigi á starfssviði viðkomandi starfsmanns í leikskólanum.

Markmið námsstyrkjanna er að stuðla að því að fjölga leikskólakennurum hjá Grundarfjarðarbæ með því að bæta möguleika fyrir starfsfólk til að auka við menntun sína og þekkingu, m.t.t. starfsmannastefnu, gildandi kjarasamninga og fjárhagsáætlana sveitarfélagsins. Tilgangurinn er að efla faglegt starf innan leikskólastigsins og auka stöðugleika í starfsmannahaldi þeirra.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa lögheimili í Grundarfirði og hafa verið í starfi hjá Grundarfjarðarbæ á viðkomandi starfssviði í a.m.k. eitt ár og í að lágmarki 75% stöðu, áður en sótt er um styrk. Skilyrði er að námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann og starf hans hjá sveitarfélaginu.

2. gr.

Umsókn um styrk skal berast bæjarráði fyrir 1. maí ár hvert, vegna haustannar og fyrir 1. október, vegna vorannar, ásamt umsögn viðkomandi yfirmanns og staðfestingu um skólavist. Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Með umsókn skal fylgja umsögn yfirmanns stofnunarinnar sem starfsmaður starfar hjá.

Umsækjandi skilar staðfestingu á skólavist með umsókninni eða um leið og staðfesting liggur fyrir. Bæjarráð afgreiðir umsóknir að jafnaði fyrir 1. júní og 1. nóvember ár hvert.

Sé umsókn samþykkt gerir viðkomandi yfirmaður skriflegan samning við starfsmann sem gildir í eitt ár í senn.

3. gr.

Styrkþega er veitt leyfi frá störfum og greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólafélagi og þann tíma sem hann er í starfs-/vettvangsnámi, auk þess tíma sem fer í próftökur. Ekki er gert ráð fyrir að starfsmaður vinni yfirvinnu á sama tíma og hann nýtur styrks frá Grundarfjarðarbæ.

Upplýsingar um námsframvindu hvernar annar skal komið til viðkomandi yfirmanns.

Hámarks námstími er fjórar annir, með möguleika á framlengingu um tvær annir. Miðað er við eðlilega námsframvindu, eða að 75% námsframvinda náist að lágmarki á hverri önn.

Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal starfsmaður koma til forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

4. gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Grundarfjarðarbæ eftir að námi lýkur, a.m.k. í jafn langan tíma og námstími varir, og skal miðað við að starfshlutfall sé a.m.k. það sama og var á námstímanum. Hætti starfsmaður störfum hjá sveitarfélaginu innan áðurnefnds tíma, eða ljúki hann ekki námi hefur Grundarfjarðarbær heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

5. gr.

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til fjarnáms ræðst af þörf stofnana bæjarins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði, á hverjum tíma, og svigrúmi til útgjalda, sbr. fjárhagsáætlun hvers ár. Bæjarráð áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Bæjarráð getur ennfremur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi viðkomandi stofnunar beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Ef bæjarráð þarf að takmarka fjölda námsstyrkja ganga þær stofnanir fyrir sem ekki uppfylla lögbundin menntunarskilyrði starfsfólks.

Ef ekki er hægt að verða við öllum umsóknum frá sömu stofnun, þá ræður starfsaldur starfsfólks forgangs röðun umsókna.

Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk skv. reglum þessum. Taki starfsfólk fæðingarorlof eða launalaust leyfi telst það ekki starfandi í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur.

6. gr.

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms skulu reglur þessar teknar til endurskoðunar. Verði verulegar breytingar á persónulegum högum nema getur bæjarráð veitt frávik frá reglum þessum. Frávik frá reglum þessum er einungis heimilt með samþykki bæjarstjórnar.

7. gr.

Reglur þessar eru samþykktar í bæjarstjórn 11. júní 2020 og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessari falla úr gildi allar eldri reglur bæjarins um námsstyrki til starfsfólks.